Alþingi
Erindi nr. Þ 139/1202
komudagur 2.2.2011

Efnahags- og viðskiptaráðuneyti

Minnisblað

Viðtakandi:	**Viðskiptanefnd Alþingis**
Sendandi:	**Efnahags- og viðskiptaráðuneytið**
Dagsetning:	**25.01.2011**
Málsnúmer:	**EVR10090107**
Bréfalykill:	**3.1**
Efni:	Fyrirspurnir frá viðskiptanefnd Alþingis

388. mál

Viðskiptanefnd hefur farið þess á leit að efnahags- og viðskiptaráðuneytið geri grein fyrir viðhorfi sínu til eftirfarandi hugmynda:

- Að innstæðudeild Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta verði ein, þ.e. ekki verði sérstakar A- og B-deildir.
- Að starfandi fjármálafyrirtæki beri kostnað sem ella félli á ríkissjóð vegna uppgjörs á „Icesave"-skuldbindingunum eða að þau greiði upp „Icesave" með því að þau greiði 1% gjald af tryggðum innistæðum og stað þess að allt gjaldið fari í sjóð A (nýja kerfið), þá skiptist gjaldið þannig að 0,8% greiðist í B deildina („Icesave") og 0,2% í A deildina.

Um A- og B-deild TIF

Samkvæmt frumvarpi því sem nú liggur fyrir Alþingi er gert ráð fyrir að innstæðudeildir verði tvær, A-deild og B-deild. Verði frumvarpið að lögum felst eftirfarandi í því: B-deildin starfi í megindráttum samkvæmt gildandi lögum nr. 98/1998. Verður hún lögð niður þegar greiðslu skuldbindinga, þ.e. „Icesave", lýkur. A-deildin verður hin nýja innstæðudeild. Frá gildistöku laganna munu innlánsstofnanir greiða iðgjald til A-deilda.

Í frumvarpinu er lagt til að deildir hans hafi aðskilinn fjárhag og reikningshald og beri ekki ábyrgð á skuldbindingum hver annarrar. TIF, þ.e. innstæðudeild A og verðbréfadeild, bera ábyrgð á þeim skuldbindingum sem stofnast gagnvart sjóðnum en fyrirtækin sem greiða iðgjald bera ekki ábyrgð á skuldbindingum hans umfram það sem segir í frumvarpinu/lögunum.

Samkvæmt frumvarpinu mun A-deild taka við réttindum og skyldum sem núverandi innstæðudeild ber að öðru leyti en því er varðar uppgjör greiðslna og skuldbindinga sem fallið hafa á sjóðinn vegna „Icesave"-reikninga Landsbanka Íslands h.f. Ekki er vitað um aðrar skuldbindingar vegna fortíðarinnar. B-deildin mun starfa áfram með það fyrir augum að sinna þjónustu og greiðslum vegna þessara skuldbindinga og starfa sem slík þangað til uppgjör vegna þeirra hefur farið fram.

Samkvæmt frumvarpinu skiptast eignir TIF, aðrar en rekstrarfjármunir, á milli B-deildar, þ.e. þau iðgjöld sem runnið hafa til deildarinnar samkvæmt gildandi lögum, og verðbréfadeildar. Engar eignir verða í A-deild í upphafi.

Ráðuneytið telur gild rök að baki aðskildum rekstri hinna tveggja innstæðudeilda TIF. Þær skuldbindingar sem hvíla á TIF, þ.e. B-deildinni, féllu til fyrir hrun nær alls fjármálakerfisins. Nýjar innlánsstofnanir hafa hafið starfsemi og eru skuldbindingar sem til féllu fyrir hrun þeim óviðkomandi. Aðalrökin fyrir því að halda aðskildum skuldbindingum frá því fyrir hrun og starfsemi hins nýja innstæðutryggingakerfis eru þau að innstæðutryggingakerfið er ekki tryggingakerfi fyrir innlánsstofnanir og enn síður fyrir fallnar innlánsstofnanir. Tryggingakerfið er neytendum, þ.e. innlánseigendum, til hagsbóta og á að tryggja þeirra hagsmuni. Ef ekki verður um aðskilnað að ræða á milli skuldbindinga vegna fortíðarinnar og nútíðar, verður í reynd ekkert innstæðutryggingakerfi á Íslandi þar sem innborganir í kerfið mundu að mestu ganga upp í þær kröfur sem þegar hvíla á kerfinu. Án virks innstæðutryggingakerfis uppfyllir Ísland ekki skuldbindingar sínar gangvart EES-samningnum.

Um sérstaka gjaldtöku eða skipt iðgjald á milli A- og B-deildar

Starfandi fjármálafyrirtæki eiga ekki hlut að máli hvað varðar starfsemi „Icesave"-reikninga hins fallna Landsbanka. Starfandi fjármálafyrirtæki urðu, með örfáum undantekningum, til eftir hrun fjármálakerfisins haustið 2008. Að mati ráðuneytisins skiptir trúverðugt innstæðutryggingakerfi miklu máli fyrir stöðugleika á fjármálamarkaði og trú almennings á viðskiptum við bankana.

Án trúverðugs innstæðutryggingakerfis er vandséð hvernig unnt verður að afnema þau gjaldeyrishöft sem við lýði eru; án trúverðugs innstæðutryggingakerfis er ógjörningur að aflétta þeirri ábyrgð ríkisins sem er á öllum innstæðum í innlánsstofnunum, m.a. innstæðum erlendra banka, en þær innstæður nema mun hærri fjárhæð en kostnaður sem lagst gæti á ríkissjóð, verði heimtur í þrotabú LÍ slakar; án trúverðugs innstæðutryggingakerfis er hætt við að ábyrgð ríkisins festist í sessi með tilheyrandi freistnivanda (moral hazard) og óvissu fyrir ríkissjóð þar sem innlánsstofnanir geta áhættulaust aukið útlán í öruggu skjóli.

Á vegum ESB er nú unnið að breytingum á innstæðutryggingakerfum innan sambandsins. Hugmyndir um 0,2% iðgjald í A-deild mundu þýða að ekki yrði unnt að byggja upp sjóði TIF innan þeirra tímamarka sem miðað er við í tillögum framkvæmdastjórnar ESB.

Rétt er í þessu samhengi að minna á að nú er sérstakur skattur, bankaskattur, lagður á starfandi fjármálafyrirtæki. „Iðgjald" á starfandi innlánsstofnanir sem rynni til B-deildar bæri að dómi ráðuneytisins öll merki skattheimtu sem draga mundi úr möguleikunum til þess að byggja upp trúverðugt innstæðutryggingakerfi.